

Ár 2012, föstudaginn 18. maí kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Eyþór H. Ólafsson í forföllum Unnar Þormóðsdóttur og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir varaformaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Landskerfi bókasafna frá 8. maí 2012.

Í bréfinu er boðað til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf sem haldinn verður miðvikudaginn 23. maí næstkomandi að Höfðatúni 2, Reykjavík.

Lagt fram til kynningar en fulltrúi Hveragerðisbæjar er Hlíf S. Arndal, forstöðumaður bókasafnsins.

1.2. Héraðssambandinu Skarphéðni frá 30. apríl 2012.

Í bréfinu eru kynntar samþykktir sem gerðar voru á héraðsþingi Héraðssambandsins Skarphéðins í mars sl. er varða sveitarstjórnir og héraðsnefndir

Lagt fram til kynningar.

1.3. Sveitarfélaginu Ölfus frá 27. apríl 2012.

Í bréfinu er áskorun frá bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss til þingmanna Suðurlands vegna stórskipahafnar í Þorlákshöfn.

Bæjarráð tekur undir áskorun bæjarstjórnar Ölfuss til þingmanna kjördæmisins um að lögð verði fram þingsályktunartillaga um að þjóðhagsleg hagkvæmni stórskipahafnar í Þorlákshöfn annars vegar og á Faxaflóasvæðinu hins vegar verði metin. Það er Hvergerðingum ljóst að uppbygging stórskipahafnar í Þorlákshöfn yrði atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi mikil lyftistöng auk þess sem slíkt myndi án vafa verða þjóðinni allri hagfelld.

1.4. Hveragerðissókn ódagsett.

Í bréfinu er bæjarstjóra og bæjarstjórn boðið til sérstakrar hátíðarmessu í Hveragerðiskirkju þann 20. maí nk. þar sem þess verður minnst að fjörutíu ár eru liðin frá vígslu kirkjunnar.

Bæjarráð þakkar gott boð um leið og farsælt safnaðarstarf síðastliðinna áratuga er þakkað.

1.5. Magneu Jónasdóttur frá 15. maí 2012.

Í bréfinu óskar Magnea Jónasdóttir eftir lóð undir þjónustu- og

söluskála við bílastæði innst í Ölfusdal.

Bæjarráð fagnar framkomnu erindi enda hefur umferð gangandi vegfarenda aukist mjög mikið um svæðið og ljóst að þörf fyrir aðstöðu á umræddu svæði er brýn.

Bæjarráð felur skipulags- og byggingafulltrúa að kanna hvort erindið falli undir reglur um stöðuleyfi og ef svo er þá er honum falin afgreiðsla málsins í samráði við bæjarstjóra.

2. Tæknileg málefni:

2.1. **Opnun tilboða í verkið „Grunnskóli Hveragerðis, viðhaldsvinna í skólastofum“.**

Opnun tilboða í verkið „Grunnskóli Hveragerðis, viðhaldsvinna í skólastofum“ fór fram 8. maí s.l. Um tvö verk er að ræða þ.e. raflagnir og málun og smíði.

Í verkið raflagnir bárust 7 tilboð.

Bjóðendur	Tilboðsupphæð
Trésmiðja Sæmundar	3.203.800.-
Raftaug ehf	2.947.821.-
Árvirkinn	2.852.313.-
Fossraf	2.960.273.-
Vörðufell	3.190.343.-
Byggingafélagið Laski	2.987.289.-
Ölfusverk	3.803.700.-
Kostnaðaráætlun	4.141.480.-

Í verkið málun og smíði bárust 4 tilboð.

Bjóðendur	Tilboðsupphæð
Trésmiðja Sæmundar	3.701.250.-
Vörðufell	3.652.686.-
Byggingafélagið Laski	4.093.933.-
Ölfusverk	4.188.040.-
Kostnaðaráætlun	4.310.600.-

Bæjarráð samþykkir að taka tilboðum lægstbjóðenda þ.e. Árvirkjans í raflagnir og Vörðufells í málun og smíði.

- 2.2. **Umræður um umhirðu og umhverfisúrbætur í Hveragerði.**
Bæjarstjóri kynnti ástand umhverfismála á ákveðnum svæðum í bæjarfélaginu en ítrekaðar kvartanir hafa borist bæjarskrifstofu vegna ástands sem þar hefur skapast.

Bæjarráð samþykkir að fela skipulags- og byggingafulltrúa að ræða við lóðarhafa og eigendur muna og tækja á umræddum svæðum með það fyrir augum að þarna verði þegar í stað gerð bragarbót á. Beri þær viðræður ekki árangur er honum falið að grípa til þeirra úrræða sem nauðsynleg eru til að bæta ásýnd þessara svæða.

3. Fjárhagsleg málefni:

- 3.1. **Minnisblað frá félagsmálastjóra Árneshóla vegna félagslegra leiguíbúða.**

Lagt fram minnisblað frá félagsmálastjóra Árneshóla frá 16. maí 2012 þar sem rætt er um stöðu félagslegra leiguíbúða í Hveragerði.

Bæjarráð samþykkir að setja leiguíbúð að Reykjamarök 2, íbúð 101 á sölu.

- 3.2. **Samningur um styrk við Ferðamálastofu.**

Lagður fram samningur við Ferðamálastofu vegna styrks til Hveragerðisbæjar að fjárhæð kr. 300.000.- vegna verkefnisins Hveragarðurinn – hjarta bæjarins.

Bæjarráð samþykkir samninginn.

- 3.3. **Úthlutun styrkja úr Mannvirkjasjóði KSÍ 2012.**

Lagður fram listi yfir úthlutun úr Mannvirkjasjóði KSÍ 2012 þar sem úthlutað er styrk kr. 10 mkr. vegna Hamarshallarinnar í Hveragerði.

Bæjarráð þakkar KSÍ höfðinglegan styrk en með byggingu Hamarshallarinnar verður til valkostur við uppbyggingu íþróttamannvirkja sem KSÍ hefur fylgst með af athygli undanfarin ár.

- 3.4. **Rekstraryfirlit Hveragerðisbæjar jan-apríl 2012.**

Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit fyrir stofnanir bæjarins fyrstu fjóra mánuði ársins.

Lagt fram til kynningar.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands frá 2. maí 2012.**
4.2. **Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 9. mars og 26. apríl 2012.**
4.3. **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. apríl 2012.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:55

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)